

## REGLUGERÐ

um breyting á fjallskilareglugerð Rangárvallasýslu frá 8. ágúst 1921.

### 1. gr.

28. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Hreppsnefnd Rangárvallahrepps skal láta hirða í byggðarsafnsréttum í Holtum og á Landi allt óskilafé úr öllum hreppum sýslunnar fyrir austan Eystri-Rangá og sjá um, að það komist í fyrstu byggðarsafnsrétt Rangárvallahrepps daginn eftir.

Hreppsnefnd Vestur-Eyjafjallahrepps hefir hins sama að gæta í byggðarsafnsrétt Austur-Eyjafjallahrepps með óskilafé úr þeim hreppum sýslunnar, sem liggja fyrir utan Markarfljót, og sömuleiðis í byggðarsafnsréttum í Austur-Landeyjum um óskilafé úr Austur-Eyjafjallahreppi.

Hreppsnefndin í Fljótshlíðarhreppi skal og í byggðarsafnsréttum á Rangárvöllum og í Hvollhreppi láta hirða allt fé úr Eyjafjallahreppunum og Austur-Landeyjahreppi.

Óskilafé úr sömu hreppum, sem fyrir kemur í byggðarsafnsrétt í Vestur-Landeyjahreppi, skal hreppsnefndin í Austur-Landeyjahreppi hirða láta. Ennfremur skal hin sama hreppsnefnd hafa hinnar sömu skyldu að gæta í Vestur-Eyjafjallahreppi um óskilafé úr hreppum sýslunnar utan og ofan Affalls.

Hreppsnefnd Fljótshlíðarhrepps skal síðan hirða allt fé úr hreppunum ofan og utan Þverár, sem fyrir kemur í Austur-Landeyjaréttum.

Að öðru leyti mega tveir hreppar leggja saman til að senda í byggðarsafnsréttir í þeim hreppum, sem engan afrétt eiga.

Bakkabæjamenn reki óskilafé til skilaréttar í Vestur-Landeyjahreppi.

Ómerkinga, sem koma fyrir í heimalöndum Bakkabæinga og ekki finnast mæður að, skulu þeir reka til Rangárvallaréttar.

### 2. gr.

Aftan við 51. gr. reglugerðarinnar bætist:

Skotmaður skal hirða vel um unna yrðlinga og selja þá, en sveitarsjóður á rétt á að fá greitt helming þess, er fæst fyrir þá.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Rangárvallasýslu hefir samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna til þess að öðlast gildi 1. ágúst 1936 og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 14. júlí 1936.*

**Hermann Jónasson.**

*Vigfús Einarsson.*